

Fimmtudaginn 26. október 1961.
 Nr. 5/1961. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags
 Akraness**
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
 Sementsverksmiðju ríkisins**
 (Guttormur Erlendsson hrl.).

Varadómari Ragnar Jónsson í
 stað Gunnlaugs E. Briem.

Skýring á kaupákvæðum kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 22. júní þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Akraness gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Sementsverksmiðju ríkisins.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Föstudaginn 20. janúar s.l. kl. 13.00 hófst vinna við sementsútskipun hjá Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Stóð vinna þessi yfir samfleytt til kl. 09.45 á laugardagsmorguninn 21. s. m. Að vinnu þessari unnu 10 menn úr Verkalýðsfélagi Akraness, sem síðar verða nafngreindir.

Ágreiningslaust er, að verkamennirnir hafa fengið það kaup, sem þeim bar, fyrir föstudagsvinnuna og eftirfarandi næturvinnu. Þá fengu þeir og næturvinnukaup frá þeim tíma, er dagvinnutímabil hófst á laugardaginn kl. 08.00, þar til vinna lauk kl. 09.45, og er það í samræmi við það ákvæði 4. gr. þágildandi kjarasamnings, að hafi verkamaður unnið 8 klst. eða meira, samfellt í næturvinnu og fram á næsta dagvinnutímabil, skuli hann fá greitt næturvinnukaup, þó komið sé fram á dagvinnutímabil.

En auk þess kaups töldu verkamenn sig eiga að fá næturvinnukaup til kl. 12 á hádegi á laugardögum og byggðu þeir þá kröfu sína á öðru ákvæði 4. gr. kjarasamningsins, en þar segir svo:

„Fyrir hvern byrjaðan vinnudag greiðist hálf daglaun og full daglaun, sé unnið meira en hálfan daginn og gildir það virka daga sem helga.

Hefur stefnandi tekið upp þessa kröfu og gerir þær dómkröfur í málinu, að dæmt verði, að stefnda, Sementsverksmiðju ríkisins, sé skylt að greiða verkamönnum Kristbirni Pálssyni, Guðmundi Ó. Guðmundssyni, Sigurþóri Narfasyni, Skúla Þórðarsyni, Þórði Ásmundssyni, Sigurði Jónssyni, Kristjáni E. Möller, Svavari Elíassyni, Oddi Hallbjörnssyni og Hannesi Þjóðbjörnssyni, næturvinnukaup fyrir tímabilið frá kl. 09.45 til kl. 12.00 á hádegi laugardaginn 21. janúar s.l. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að samkvæmt framangreindu ákvæði um greiðslu fyrir hálfan dag, hvern byrjaðan vinnudag, eigi verkamenn að fá það kaup, sem greitt var í upphafi vinnudagsins, í þessu tilfelli næturvinnukaup, án tillits til þess, hvort unnið var eða ekki.

Stefndi telur sér hins vegar ekki skylt að greiða nema fyrir unnar stundir, þar sem dagvinna nefndan laugardag hafi verið framhald af næturvinnunni og greidd samkvæmt þeim fyrirmælum kjarasamningsins, sem að því lúta.

Eins og ákvæðum kjarasamnings aðilja er háttað verður eigi talið, að stefnanda hafi í því tilviki, sem hér er til álita, verið skylt að greiða næturvinnukaup lengur en þar til vinnu lauk kl. 09.45. Hins vegar bar honum samkvæmt tilvitnuðu ákvæði 4. gr. þágildandi kjarasamnings að greiða hálf daglaun fyrir hvern byrjaðan vinnudag, en nýr vinnudagur hófst kl. 08.00 nefndan laugardagsmorgun. Næturvinnukaupið skyldi aðeins goldið þar til vinnu lauk, en eftir það bar að greiða venjulegt dagvinnukaup þann tíma, sem skorti á hálfan vinnudag að tímanum til og styðst sú niðurstaða m. a. við það ákvæði oftnefndrar 4. gr., að hafi verkamaður verið kvaddur til vinnu eftir að næturvinnutímabil hófst, skuli hann fá

greitt kaup fyrir minnst tvær klukkustundir, nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því er hann kom til vinnu.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnanda til að greiða áðurgreindum verkamönnum dagvinnukaup fyrir tímabilið frá kl. 09.45 til 12.00 á hádegi laugardaginn 21. janúar s.l.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Sementsverksmiðju ríkisins, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Akraness vegna verkamanna Kristbjarnar Pálssonar, Guðmundar Ó. Guðmundssonar, Sigurþórs Narfasonar, Skúla Þórðarsonar, Þórðar Ásmundssonar, Sigurðar Jónssonar, Kristjáns E. Möllers, Svavars Eliassonar, Odds Hallbjörnssonar og Hannesar Þjóðbjörnssonar, dagvinnukaup frá kl. 09.45 til kl. 12.00 á hádegi laugardaginn 21. janúar 1961.

Stefndi greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
